

## **Minnisleikur í skóginum**

Þessi leikur hentar vel að hausti. Hann er vel til þess fallinn að fá börnin til að skoða smáhlutina í skóginum og nefna þá með nafni.

### **Þú þarft að nota**

2-6 klúta eða dúka helst einlita, ca 1m<sup>2</sup>.

### **Lýsing**

Leggið klút á jörðina. Safnið saman nokkrum hlutum úr skóginum s.s. laufi, stráum, trjágreinum eða könglum og setjið undir klútinn. Leyfið börnunum að horfa á þá stutta stund (t.d. 30 sek) og breiðið klútinn aftur yfir. Börnin eiga síðan að fara og finna sams konar hluti.

Þennan leik geta börnin líka leikið í litlum hópum t.d. þannig að einn leggur hlutina undir klútinn og hinir leita eða segja hvaða hluti þeir sáu.

Önnur útgáfa af þessum leik er að skipta bekknum í 4-5 hópa. Hver hópur safnar 5-10 hlutum sem hann leggur á dúk eða klút.

Hóparnir skipta síðan um pláss og eiga nú að finna alveg eins hluti og þá sem fyrir eru á „nýja“ dúknum.